

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 138/2014

2014/EES/71/25

frá 27. júní 2014

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/793/ESB frá 19. desember 2013 um breytingu á ákvörðun 2007/506/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir sápu, hárfvottalög og hárnæringu <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2y (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 D 0793**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/793/ESB frá 19. desember 2013 (Stjtíð. ESB L 349, 21.12.2013, bls. 104).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/793/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 349, 21.12.2013, bls. 104.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.